




Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

27. tbl. Júlí 1980



Tilgangur lífsins er að framkvæma alla þá möguleika til góðs, sem
búa í geimi, tíma og efni.

Helgi Pjeturss

Satúrnus

(Sjá forsíðumynd)

Satúrnus er næststærsta reikistjarna sólhverfisins, og er að þvermáli 120 þúsund km eða nálægt 10 sinnum þvermál jarðar. Umferðartími hans um sólu er 29,4 ár og hann snýst um sjálfan sig á 10 klst. og 14 mín. um miðbaug. Hann er þakinn miklum skýjabólstrum og sér aldrei á fast yfirborð. Skýin mynda belti samsíða miðbaug, líkt og er á Júpiter. Efnismagn Satúrnusar er 95 sinnum meira en jarðarinnar, en eðlisþyngdin miklu minni, eða heldur léttari en vatn, miðað við alla stærð hnattarins, að skýjum meðtöldum.

Sólarhita gætir lítið á Satúrnusi vegna fjarlægðarinnar og er talið að frostið við yfirborð hans sé um 150°C

Um Satúrnus ganga 10 tungl, og er hið stærsta þeirra, Titan, stærra en tungl jarðarinnar, eða 4.880 km í þvermál (tungl jarðar 3476 km) og gengur á braut um reikistjörnuna í 1222 þúsund km fjarlægð frá henni. Til samanburðar má nefna, að innsta reikistjarna sólhverfisins, Merkúríus, er að þvermáli 4870 km, svo hér munar ekki miklu á stærðinni. Titan hefur gufuhvolf, og er það atriði sérstaklega athyglisvert.

Það sem gerir Satúrnus sérkennilegastan að útliti eru þrjú hringabelti, sem umlykja hann og ná út í um 60 þús. km fjarlægð frá yfirborði hans. Þessir hringar eru myndaðir af urmúl rykagna og e. t. v. stærri steinum og ísmolum, en þykkt hringanna er ekki meiri en svo sem 10 km og sjást þeir því varla eða ekki þegar þeir snúa röndinni beint í átt til jarðar, en það gerist með 15 ára millibili. Efnið í hringunum er svo gisið að stjörnur geta sést í gegnum þá.

Satúrnus er ein af feegurstu reikistjörnum sólhverfisins á að sjá, og mjög er áhugavert að skoða hann, jafnvel í litlum sjónauka á heiðskýru kvöldi.

Satúrnus er ein af hinum „dauðu“ reikistjörnum sólhverfisins. Hann er svo langt utan við „lífbelti“ sólarinnar, að óhugsandi er að þar geti verið um neitt líf að ræða.

Ingvar Agnarsson.

Heimildir: Astronomy eftir Jacquelin Mitton og Astronomy eftir David Baker. Forsíðumyndin er fengin úr síðarnefndu bókinni.

Erindi og greinar

HVERNIG LEYSTU FORNMENN AFLFRÆÐIPRAUTIR SÍNAR?

I.

Um ráðstefnu fyrirburðafræðinga.

Ráðstefna um fyrirburðafræði var haldin í Reykjavík dagana 6. til 12. nóvember 1977, á vegum alþjóðafélags sem heitir ORB-Foundation. Þátttakendur voru um 60 og voru ýmsir þeirra heimskunnir vísindamenn frá mörgum löndum. Nafn ráðstefnu þessarar var „Frontiers of Physics Conference“ (á jöðrum eðlisfræðinnar), og segir nafnið eitt nokkuð til um umræðuefni þessa þings.

Eitt kvöldið áttum við Ævar Jóhannsson, starfsmaður Raunvísindastofnunar, tal við tvo þessara ráðstefnumanna, á einkaheimili. Annar þessara manna var Bandaríkjamaðurinn dr. Bill Franklin, prófessor í eðlisfræði við Kent State University í Ohio, en hinn var Dick Mattuck, prófessor við eðlisfræðideild Kaupmannahafnarháskóla, einnig Bandaríkjamaður.

Þessir erlendu gestir, sem nefndir voru hér á undan, sögðu okkur frá ýmsu athyglisverðu, og mun ég segja frá einu atviki, sem Bill Franklin sagði okkur frá:

II.

Lyftingafyrirbæri í Tíbet.

Fyrir nokkrum árum ferðaðist kunningi hans einn, Henry Kjellson, sem var sænskur vísindamaður og kvikmyndatökumaður til Tíbet. Kom hann þar í afskekkt fjallahérað, en Tíbet er mjög fjöllótt, svo sem kunnugt er. Þarna komst hann í kynni við nokkra munka, og þótti honum athafnir þeirra hinar áhugaverðustu.

Allhátt upp í fjalli einu var stallur einn eða hallalítill flötur, allstór. Þarna voru munkarnir að reisa mannvirki nokkurt, úr stórum björgum, og það var einmitt flutningur þessara stóru steina sem vöktu vesturlandabúanum hina mestu undrun.

Munkarnir leyfðu honum að vera viðstöddum, er flutningur fór fram á einu slíku bjargi, og gáfu honum leyfi til að kvikmynda atburðinn.

Undir fjallsrótum, í dalbotni, var dálítill hvammur, niður undan stallinum, sem minnst var á, hátt í fjallinu. Þarna stóð afarstór steinn í hvamminum, áreiðanlega tugir tonna á þyngd. Munkarnir komu sér nú fyrir, framan við steininn. Næst honum settust þrír munkar með litla lúðra. Í annarri röð, utan við þá, settust síð munkar, og voru þeir með básúnur, og í þriðju röðina settust allir hinir munkarnir, um 15 talsins, og höfðu þeir trumbur.

Athöfnin hófst. Munkarnir þrír, sem næstir sátu steininum, fóru að leika á flautur sínar, fyrst lágt en síðan smá hækkandi. Næstir tóku við, þeir sem sátu í næstu röð og tóku að leika á básúnurnar og smáhækkuðu þeir tónana uns af varð mikill hljómur. Síðast fóru þeir, sem sátu í ysta hringnum að slá trumburnar. Varð af öllum þessum hljóðfæraslætti mikill og samræmdur hljómur.

Og nú varð Kjellson áhorfandi að hinum furðulegasta atburði: Steinninn stóri tók að lyftast frá jörðu. Hann lyftist hærra og hærra og sveif upp með fjallshlíðinni. Hljóðfæraleikararnir beyttu hljóðfæri sín, sem mest þeir máttu. Steinninn hélt áfram að hækka, uns hann kom upp fyrir stallinn í fjallinu. Þar seig hann mjúklega til jarðar og settist nákvæmlega á stað, sem honum hafði verið ætlaður.

Kjellson tók kvikmynd af öllum þessum furðulega atburði, og á hann kvikmyndina í fórum sínum.

En munkarnir tóku af honum hátíðlegt loforð um að segja ekki frá hvar í Tíbet þessi atburður hefði farið fram. Þeir óttuðust, að ef slík vitneskja bærisk út, mundu margir forvitnir menn verða til

að heimsækja þá og spilla friði þeirra. Mundi þá svo fara, að þeir töpuðu þessum hæfileika til að láta þunga hluti svífa í lofti.

Bill Franklin kvaðst sannfærður um, að kunningi sinn, Kjellson hinn sænski, hefði sagt rétt frá, enda hefði hann sýnt sér kvikmyndina.

III.

Píramídarnir í Egyptalandi og í Mexíkó. — Steintröllin á Páskaeyju. — Stonehenge í Englandi.

Furðuleg er þessi saga, en ekki mun ástæða til að bera brigður á sannleiksgildi hennar, enda á hér í hlut þekktur vísindamaður, dr. Bill Franklin, sem naumast mundi fara með staðlausa stafí.

Hér er um nútímaatburð að ræða, furðulegan og næsta ótrúlegan. En hvernig er unnt að útskýra slíkt, á eðlisfræðilegan eða náttúrufræðilegan hátt? Vísindamenn, sem ekki þekkjja líforku- og lífmagnarkennningar dr. Helga Pjeturs, eða uppgötvun hans á stillilögmálinu, munu eiga í erfiðleikum með viðhlítandi skýringar.

En lítum aftur í aldír, aftur fyrir allar ritaðar heimildir, aftur fyrir sögulegan tíma. Frá þessum forsögulegu tímum geymast stórkostleg mannvirki víða um heim og vísindamenn og tæknifræðingar hafa ekki getað gefið fullnægjandi skýringar á, hvernig unnt hafi verið að reisa slík stórvirki eða hvaða möguleikar voru á flutningi hinna stóru steina um langan veg. Og margt af þessu gerðist á steinöld, löngu áður en nútíma tækniþekking hófst.

Vitað er, hvert sótt var efni í ýms hinna miklu mannvirkja. Frægastir eru píramídarnir í Egyptalandi, þau miklu og óbrotgjörnu minnismerki fornrar menningar og verkunnáttu. Byggðir eru þeir úr miklum björgum, og ekki hefur byggingameisturum þess tíma vaxið í augum, að lyfta þessum björgum upp í mikla hæð. Keospíramídið er (eða var upprunalega) 146,5 metrar á hæð (og 2,6 milljón m³) og flestir steinarnir í honum mörg tonn á þyngd, sumir jafnvel allt að 150 tonnum. Þetta virðist nær ótrúlegt, ef aðeins er höfð í huga tæknikunnátta þess tíma. Annað er þó ef til vill enn furðulegra: Allt efni í píramíðana er sótt þvert yfir Nílardal. Fornegyptar tóku ekki efni til þessara bygginga nálægt byggingarsvæðinu. Það er því líkast, sem vegalengdirnar, sem flytja þurfti efnið, hafi í raun verið þeim aukaatriði. Hvernig má slíkt vera? Þekktu þeir aðferðir, til að flytja þungt efni um langan veg, án teljandi örðugleika? Gæti hugsast, að flutningsaðferð og

lyftingaaðferð munkanna í Tíbet, sem áður sagði frá, hafi verið Egyptum kunn og tiltæk?

En píramíðarnir í Egyptalandi eru ekki einu stórvirki fornaldar, sem viðhlítandi skýringar vantar til að skilja. Í Mexíkóríki í Ameríku eru einnig stórkostlegir píramíðar og í flestu líkir þeim egypsku, þótt útlitsmunur sé nokkur. Einn þeirra er meira að segja sá stærsti í heimi hvað efnismagn snertir (3,3 milljón m³) eða mun stærri en Keopspíramíðinn í Egyptalandi. Mexíkóbúar hinir fornu hafa því heldur ekki vílað fyrir sér stórkostlegar byggingaframkvæmdir með tilheyrandi flutningum stórra steina um langa vegu. Og ekki virðast þeir erfiðleikar hafa vaxið þeim í augum, að lyfta þessum björgum á stall í mikilli hæð. Hér hljóta sömu spurninagr að leita á hugann, eins og um egypsku píramíðana: Hvernig mátti þetta verða? Réðu hinir fornu Mexíkanar e. t. v. yfir einhverri orku, sem nútíma menn hafa ekki tök á, og vita ekki (eða naumast) að sé til?

Í Kyrrahafi er lítil eyja sem Páskaeyja er kölluð, og allfræg hefur orðið, t. d. af ritum Thors Heyerdals, hins norska sæfara, en hann kom við á eyju þessari og dvaldist þar um tíma, er hann fór sína frægu för á balsam-flekanum Kontíki yfir Kyrrahafið 1955.

Furðuleg mannaverk eru á eyju þessari frá forsögulegum tíma. Eru það steintröll, furðu mörg og standa flest nálægt sjó, allt í kringum eyjuna. Hin stærstu þeirra eru um 10 metrar á hæð, úr einum steini, og ofan á höfðum allra þessara steintrölla hafa áður verið einskonar hattar úr annarri steintegund. Flestir hafa þeir fallið til jarðar í aldanna rás, og liggja við fætur risanna. En þessir steinhatar eru allt að 12 tonnum á þyngd, þeir stærstu. Steinnáman, þar sem efni í steintröll þessi hefur verið höggvið úr bergi og mótað í endanlegt form, er inni á miðri eyinni, en leiðin út til stranda, í allar áttir, þangað sem steintröllunum var komið fyrir, er ákaflega mishæðótt og ógreið yfirferðar. En þessir fornmenn á Páskaeyju virðast ekki hafa látið sér það fyrir brjósti brenna. Flutningsörðugleikar hafa ekki orðið þeim til hindrunar, né það brekvirki, að lyfta margra tonna þungum steinhúfum upp á höfuð þessara steintrölla.

Eru ekki þessar fornu framkvæmdir á Páskaeyju eitt af því, sem nútímamanni gengur svo illa að skilja? Hvernig gátu þessir eyjarskeggjar gert svo furðulega hluti? Eric von Däniken getur þess í einni af bókum sínum, að í einni af þjóðsögum eyjarskeggja sé frá því greint, að steintröllin hafi verið látin svífa í loftinu, þangað

sem þau áttu að fara, og að þau hafi sest á undirstöður þær, sem þeim voru búnar, hverju einu. — Gæti þarna verið um hliðstæðan raunveruleika að ræða, eins og nútímasagan, um munkana í Tíbet, í byrjun þessarar greinar?

Evrópa mun, af fornleifafraeðingum, lengst af hafa verið talin standa langt að baki fornþjóða eins og Egypta í framkvæmd mikilla mannvirkja. Svo mun þó ekki vera að réttu lagi. Norðurvevrópumenn hafa reist stórkostleg mannvirki á forsögulegum tímum, sem lítt gefa eftir, að sérkennilegum mikilleik, því sem mest hefur verið á loft haldið í öðrum stöðum heims, eins og t. d. í Egyptalandi og á Páskaeyju.

Miklars teinaraðir, hringlaga, frá steinöld, má finna víða í Norðurvevrópu, einkum í Frakklandi og í Englandi. Enginn veit með vissu um aldur þessara mannvirkja, en nú er líklegt talið, að ekki séu þau yngri en svo sem 4000 ára, eða litlu yngri en elstu píramídarnir í Egyptalandi. Þessar hringlaga steinaraðir eru gerðar úr feikistórum björgum, og er haldið að mannvirki þessi hafi reist verið til helgihalds eða jafnvel til stjörnusköðunar og tímatala-ákvörðunar.

Stærsta og frægasta mannvirki af þessari gerð er í Suður-Englandi í héraðinu Wiltshire og kallast Stonehenge. Hafa þar verið reistir upp á endann feiknastórir steinar, og standa margir þeirra enn í réttum skorðum, frá því að þeir voru reistir upphaflega, fyrir a. m. k. 4000 árum að talið er. En sumir steinarnir, sem fallnir voru hafa verið reistir við á síðari árum. Langir steinir hafa verið lagðir ofan á þá steina, sem standa upp á endann, og tengja þannig saman hverja tvo steina. Allir eru steinar þessir feiknamikil björg og þungir að sama skapi, eða allt að 30 tonn.

Það sem þó er e. t. v. furðulegast við þetta mikla mannvirki er það, að steinar þessir hinir miklu hafa sóttir verið í grjótnámur í Pembrokshire í Wales, en vegalengdin þangað frá Salisbury Plain í Wiltshire er um 240 km, og hefur víða orðið að fara um mjög ógreiðfært land: fenjamýrar, skóga og fjöll. En þó gera sumir fornfræðingar ráð fyrir að unnt hafi verið að flytja þessa steina á flekum um nokkurn hluta leiðarinnar eftir Bristol Channel og eitthvað upp eftir Avonfljótinu. En mikinn hluta leiðarinnar hefur orðið að flytja þá um ógreiðfærar vegleysur, eins og áður segir.

Flutningar sem þessir vekja að vonum hina mestu furðu nútímanna, sem ekki þekkja þá möguleika eða þá tækni, er fornmennt kunna að hafa ráðið yfir til slíkra framkvæmda.

IV.

Lífafræði.

Nútíma aflfræðilæking leysir naumast þær ráðgátur, sem tengdar eru þeim fornu mannvirkjum, er hér voru nefnd. Líklega verður að leita skýringa, með aðstoð nýrrar greinar náttúrufræðinnar, lífafræðinnar, sem Íslendingurinn dr. Helgi Pjeturss er upphafsmaður að, þótt lítt hafi verið á loft haldið til þessa.

En rannsóknir fyrirburðafræðinga við menntastofnanir víða um heim, eru nú orðið stundaðar með miklum áhuga, og er árangur oft hinn merkilegasti. Lífafræðin er þar ofarlega á blaði. Tekist hefur, undir vísindalegu eftirliti og með mörgum endurtekningum, að hreyfa hluti úr stað með hugarafli einu saman. Er þó hér um fámennar tilraunir að ræða.

Samkvæmt kenningum Helga Pjeturss gætu lífaflstilraunir verkað því sterkar, sem fleiri stæðu að þeim, ef um nægilega góða samstillingu væri að ræða. Væri ekki hugsanlegt að hinir fornu byggingameistarar hafi þekkt leyndardóm samstillingarinnar, og að tekist hafi að mynda aflsvæði, nægilega sterkt til þess, að vinna gegn aðdráttarafli jarðar, og þannig getað flutt hin miklu björg langar leiðir og komið þeim á þá staði, sem þeim hfðu verið ætlaðir? Sé svo, mun hér hafa verið um að ræða mikinn fjölda samhuga manna, sem hafa einbeitt huga sínum samtímis, að því verkefni, sem fyrir lá að leysa hverju sinni. Og ekki mun hér eingöngu vera um að ræða takmarkað aflsvæði þátttakenda, heldur hefur samstilling þeirra einnig skapað sterk sambönd við lífaflsvæði lengra kominna mannkynja annars staðar í geimi, þar sem máttur hvers einstaklings er máttur allra, og máttur allra máttur hvers eins, svo að einmitt þaðan hefur getað borist hið mikla afl, sem dugað hefur til að flytja björg í lofti og koma þeim á réttan stað. Og þetta hefði getað gerst einmitt fyrir stilliáhrif þeirra, sem hér störfuðu saman.

Hver veit nema hinn mikli sambandskraftur eigi enn eftir að verða viðurkenndur og hagnýttur til ómetanlegra hagsbóta öllu mankyni? Hveir veit, nema enn sé þess að vænta, þrátt fyrir allt, að hin rétta samstilling takist og að samband við lengra komna íbúa stjarnanna eigi eftir að færa öllum heimi þá farsæld, sem svo lengi hefur verið beðið eftir?

Ingvar Agnarsson.

Flutt á félagsfundu F. N.

í Stjörnusambandsstöðinni.

SIGURRÓS SEGIR FRÁ

Ég ætla að segja hér frá merkilegum atburði, sem mun hafa gerzt árið 1965, að ég kynntist Nýalssinnafélagsmönnum. Ég hef alla ævi haft sálræna hæfileika, en oft átt í erfiðleikum að geta notið þeirra, af ýmsum ástæðum. Þetta ár (1965) ætlaði ég að hafa tal af Sálarrannsóknafélagsmönnum og fór á skrifstofu þeirra að Garðastræti 8, og bað um viðtal við deildarstjóra félagsins, er þar var, og tók hann mér vel. Ég bað hann að nefna mig sem leitanda, í viðtali við formann félagsins, sem var hinn indæli maður, Úlfur Ragnarsson læknir. Ég fór til hans þrisvar með nokkru millibili. En hann gat ekkert gert fyrir mig, og urðu það mér mikil vonbrigði.

Ég sé oft fyrirbæri og ýmsa hluti. Og nú í þetta skipti birtist mér maður er var mér ókunnugur, Hallbjörn Halldórsson prentari, og sagði hann mér að fara til Nýalssinna og tala við þá. Og vissi ég ekki hvernig ég gæti náð til þeirra, en blessaður Hallbjörn vísaði leið. Ég ætti að fara á Laugaveg 24, í búðina þar, og gerði ég það og hitti þar Sigurð Ólafsson, og sagði honum frá handleiðslu félaga þeirra, sem þá var fyrir ekki löngu látinn.

Sigurður tók mér mikið vel og sagðist skyldi athuga málið. Þeir voru þá að þjálfa Svein, og sótti Sigurður mig sjálfur einu sinni í viku, og sat ég með þeim nokkrum mönnum þann vetur. Og hafði ég mikið gott af því. Þeir höfðu transfundi með Sveini, og svo komst Sigurður líka í transsamband, og lækningafundir fóru þarna líka fram. Og þar gerðist kraftaverk á þrem konum, sem ég þekkti til. Þetta voru vel vandaðir menn sem sátu þessa fundi. Og svo fluttist starfsemi þeirra í stjórnstöðina, sem var byggð upp með miklum dugnaði þeirra allra, og af góðhug og kærleika til allra og var það stórt átak. Og svo fóru þeir að halda þar sambandsfundir, Sveinn og Sigurður. Ég kom nokkrum sinnum þar, og var þar mikið samband.

Það var árið 1974 að dóttir mín dó. Ég fór á fund að vita, hvort hún gæti náð betra sambandi en heima hjá mér. Það var um 12 manns, sem sat fundinn. Sveinn var milliliðurinn og var gott samband. Ég sá í sýn margt fólk, en ekki kom dóttir mín, og var það

ekki von. Því að ein fundarkonan, sem ég sat við hliðina á, og var að segja henni frá sýnum mínum, kallaði þá til manns síns, sem var meðal sitjara fundarins, og sagði við hann: „Hún Sigurrós sá hann afa þinn hjá þér“. Svaraði hann þá: „Það sér hann enginn, hann var svo lítill — ég fel hann bak við rassinn á mér“. Ég sagði við hann: „Þú skemmir sambandið með svona svörum“. En hann hélt ekki. — Ég varð mikið sár út af þessu. Ég var að koma til að heyra frá nýlátinni dóttur minni, en lenti í þessu. En svona lagað hefur víst truflað mikið, enda var líðan mín slæm á eftir. Á leiðinni heim til mín sagði ég við manninn sem ók mér heim: „Hvað kom í gegn, ég heyrði svo illa?“ Hann svaraði mér með þessum orðum: „Það voru guðir“. Sonur hans sat fundinn og var í bílnum. Ég segi: „Ég skil þetta ekki. Mér leið svo illa“. Þá segir hann aftur: „Heldurðu að við séum að ljúga?“ Það varð ekki meira úr samtali og ég fór heim til mín, og mér leið mikið illa. Klukkan 4 um nóttina birtist mér dóttir mín og segir þessi orð: „Þetta voru mistök, mamma mín, máttu við því búast, en það var ekki ætlun þín, að þeir væru að ljúga“. Eftir það sofnaði ég, og fór ekki lengi á fund aftur. Sumir *fundarmenn* skemma oft sambönd. Því segi ég frá þessu, og svo er miðlunum kennt um það.

Ég vil minnast á indæl hjón, er ég kom oft til er mér leið illa af krafti mínum, sem var oft misskilinn, helst af mínu fólki, og er kanske enn í dag. Hjónin voru Guðlaug og Agnar, foreldrar Ingv-ars. Hún kom með útbreiddan faðminn á móti mér og bauð mig velkomna. Og hann söng og spilaði á harmonikkuna sína, og vildi gleðja mig á allan hátt. Ég þakka þeim þann kærleika, og bið guð að blessa þau á betri jörð, þar sem öll sæla ríkir. Með þessum orðum enda ég þetta mál.

Sigurrós Jóhannsdóttir.

HUGLÆKNINGAR

Mánudaginn 14. apríl 1980 birtist viðtal við mig í Dagblaðinu undir fyrirsögninni: „*Framliðnir eru til mikils gagns í mannheimi*“.

Þetta hafði þau áhrif, að mjög jókst aðstreymi fólks til mín, að leita sér lækninga, jafnframt jókst mér lækningamáttur margfallega. Vil ég nú segja, í stuttu máli, hvernig þetta gerðist.

Daginn eftir viðtalið í Dagblaðinu komu til mín tuttugu manns, og á miðvikudaginn 16. apríl komu einnig tuttugu manns.

Klukkan var orðin hálf tíu um kvöldið þennan dag, 16. apríl, og ég var orðin örmagna, eftir að hafa þá tekið á móti sextán manns. Þá komu fjórar konur að dyrum mínum, þrjár þeirra voru saman en ein sér. Ég byrja á að taka þessa einu. Þá birtist mér stórfengleg sýn. Ég sá afarstóran, ljósbláan sal. Í rauninni var þetta geysistór hvelving. Þar inni voru margir menn. Þarnæ var Helgi Pjeturss og hann talar við mig. „Ég skal hjálpa þé með konurnar“, segir hann. Þá verð ég altekinn af krafti og þróti, og öll þreyta fer. Ég tók í hönd konunnar og hún fann mikinn lækningakraft streyma um sig alla. Hún fór ánægð af mínum fundi.

Svo komu hinar konurnar þrjár inn til mín. Og allar fundu þær mikinn kraft. Einnig þær fóru ánægðar frá mér.

Svo eftir kl. 10, þá fer ég að hlusta á fréttir í útvarpinu. Þá birtist mér Helgi í annað sinn. Ég var með lítið útvarpstæki í höndunum, og var að hlusta á það. Ég vildi nú leggja það frá mér og slökkva á því, en gat það ekki. Þó missti ég það ekki úr hönd unum. Þetta dásamlega ástand stóð í heilan klukkutíma, fram yfir kl. 11. Ég var alsæl á eftir.

Síðan þetta gerðist hef ég verið með tvöfaldan kraft, andlega og líkamlega. Helgi sagði m. a.: „Ég skal hjálpa þér að lækna börnin“. Helgi hefur oft birst mér síðan.

Í gærkvöldi (22. apríl) eftir að Sveinn Haraldsson leit inn til mín, þá birtist mér Steinunn Inge, sem átti heima í Ameríku og var frænka Helga Pjeturss. Einnig birtist mér Helgi samtímis, og leit þá út sem yngri maður. Steinunn sagði: „Talaðu við Þorstein Guðjónsson“.

Ég var mikið veik um páskana. Þá fannst mér að Sveinn, Þorstein og Ingvar standa hjá mér og halda vörð.

Sigurros Jóhannsdóttir.

UM HELGA PJETURSS

Árið 1929 fluttist ég til Reykjavíkur vestan úr Mýrasýslu. Og er ég fór minna ferða um götur bæjarins, tók ég sérstaklega eftir manni einum, er gekk berhöfðaður í gráum frakka, með mikið, gráleitt skegg, langt niður á brjóst. Mér fannst þessi maður hafa eitthvað fram yfir annað fólk sem gekk um götuna. Hann hafði staf í hendi og gekk mjög hratt. En líka sá ég hann sitja á bekkjum, ef til voru, en þeir voru fáir til á götunum í þá daga. Ég líkti í hugsjón minni þessum manni við táknmynd frelsarans Jesú Krists. En mér var mikið kennt um hann af móður minni. Og svo fór ég að spyrja fólk: „Hver er þessi maður?“ Þá var þetta dr. Helgi Pjeturss. Hann gekk alla daga strax að morgni inn í þvottalaugar, að baða sig. Þá voru ekki aðrar laugar til.

Þegar hann sat einhvers staðar á bekk, þá var fjöldi barna í kringum hann. Mér fannst að þarna væri góður maður, sem börn hændust að.

Svo fylgdist ég með, hvar íbúðarhús hans stóð. Oft stansaði ég til að horfa á eftir honum, en aldrei talaði ég við hann orð í lífanda lífi hans. En það er margt mikið merkilegt, sem getur gerst í samstarfi milli sálræns fólks. Og eftir að dr. Helgi flutti á annan hnött, hefur hann birst mér í sýn og viðtölum.

Sigurrós Jóhannsdóttir.

„PVÍ DREPTI GUÐ EKKI TRÖLLIN, PEGAR HANN SKAPTI?“

Árið 1887 flutti séra Matthías Jochumsson skáld frá Odda á Rangárvöllum til Akureyrar með fjölskyldu sína. Fór hann með póstskipinu „Laura“ frá Reykjavík til Sauðárkróks, en þaðan landveg á hestum. Var tjaldað við Kotin í Norðurárdal í kuldaveðri, en næsta dag haldið áfram yfir Öxnadalshéiði. Matthías segir frá þessari ferð í bók sinni „Sögukaflar af sjálfum mér“. Þar stendur m. a. þetta:

„Þegar við ridum upp heidadrögin, var ég aftastur og teymdi undir Gunnari litla, sem var á 5. ári. Hann var dulur og íbygginn af barni að vera, og sá ég, að hann góndi fast upp í fjallatindana, sem honum var nýnæmi að sjá svo nærri. „Þykja þér ekki fjöllin stór?“ spurði ég. Hann tók ekki undir það, heldur segir: „Því drepti guð ekki tröllin, þegar hann skapti?“

Prestur kvaðst hafa svarað þessari spurningu því sem honum sýndist, enda hér erfitt um svör. Séra Matthíasi hefur þótt þetta tal barnsins svo athyglisvert, að hann hefur geymt það í minni langa ævi, og þess vegna sett það í ævisögu sína.

En mætti ekki láta sér detta í hug, að hér hafi drengurinn séð sýnir, hér hafi skyggni gáfan verið að verki og að hann hafi séð einhverjar stórbrotnar verur í fjarsýn, verur, sem eigi heimkynni sitt annars staðar en hér á jörð?

Ingvar Agnarsson.

EGILL SKALLAGRÍMSSON SEM HUGLÆKNIR

I.

Í Egilssögu Skallagrímssonar segir frá því, er Egill kom á bæ einn við Eiðaskóg (í Noregi). Þar átti heima Þorfinnur bóndi.

Ok er þeir Egill mötuðust, þá sá Egill, at kona sjúk lá á þverpallinum. Egill spurði Þorfinn, hver kona sú væri, er þar var svá þungliga haldin.

Þorfinnur segir, at hon hét Helga ok var dóttir hans. — „þefir hon haft langan vanmátt,“ — ok þat var kröm mikil. Fékk hon enga nótt svefn ok var sem hamstoli væri.

„Hefir nökkurs í verit leitit,“ segir Egill, „um mein hennar?“

Þorfinnur segir: „Ristnar hafa verit rúnar, ok er sá einn hóndason heðan skammt í brott, er þat gerði, ok er síðan miklu verr en áðr, eða kanntu, Egill, nökkut gera at slikum meinum?“

Egill segir: „Vera kann, at ekki spillist við, þó at ek koma til.“

Síðan segir frá því er Egill talaði við konuna og hvernig hann undirbió lækningu hennar. Að lokum segir svo frá:

„Egill reist rúnar ok lagði undir hægendit í hvíluna, þar er hon hvíldi. Henni þótti sem hon vaknaði ór svefni ok sagði, at hon var þá heil, en þó var hon máttlítill, en faðir hennar ok móðir urðu stórum fegin. Baud Þorfinnur, at Egill skvældi þar hafa allan farbeina, þann er hann þóttist þurfa.“

II.

Frá ýmsu er sagt um Egil, á þann veg, að svo virðist, sem hafi hann verið ruddi hinn mesti, yfirgangssamur og allt að því illmenni á stundum.

En sagan, sem hér var sögð sýnir, að ekki munu þeir illu eiginleikar hafa rist mjög djúpt í huga hans eða innræti, því ekki hefði hann bá haft löngun til eða megnað, að stilla til þeirrar lækningar, sem hér gerðist með svo skjótum hætti.

Svo er að sjá, sem konan hafi lengi þjáðst af svefnleysi og að

hún hafi ekki verið með sjálfri sér. „Fékk hon enga nótt svefn ok var sem hamstoli væri.“

Orðið *hamstoli* bendir til þess, að hún hafi verið viðutan í veikindum sínum, að hún hafi verið í öðrum ham en henni var eiginlegt, þ. e. hún hefur verið í svo sterku sambandi við einhvern annan einstakling, að henni hefur fundist hún sjálf vera þessi annar einstaklingur. Enda kemur það fram, að þegar lækningin gerist, þegar þessu sambandsástandi léttir, þá þótti henni „sem hon vaknaði ór svefni ok sagði at hon var þá heil.“

Sambandsveikindi mun hér hafa verið um að ræða: Sjúkleiki annars einstaklings hefur komið fram (inducerast) í líkama og í vitund hinnar sjúku konu. Og Agli hefur tekist, með sínum sterka huga og sterku stilliáhrifum, að leysa hana úr þessum óæskilegu samböndum.

Sambandsveikindi (hysteria og paranoia) munu ætíð hafa verið allalgeng og eru enn. Ekki munu lækna almennt vita eða viðurkenna að óæskileg fjarsambönd við aðra einstaklinga séu eða geti verið orsakir slíkra sjúkdóma. Þeir hafa enn ekki komist til skilnings á undirstöðuatriðum lífsambanda og þá ekki heldur, að stundum getur verið um að ræða óæskileg fjarhrif og fjarsambönd, sem leiða til þjáninga, líkamlegra og andlegra, þeirra sem komast í slík sambönd við þjáða menn í öðrum stöðum. Og þessi sambönd munu ekki ævinlega vera við menn á okkar jörð, þótt nóg sé hér um vanlíðan og þjáningar. Þau geta alveg eins verið við menn á öðrum stjörnum í öðrum sólkerfum, því áhrifa frá illum stöðum annars staðar í alheimi gætir hér um of, en áhrifa frá æðri lífsstöðvum gætir ekki sem skyldi. Væri hin mesta nauðsyn á, að stilla svo til, að sem flestir yrðu aðnjótandi hinna góðu áhrifa eingöngu.

Ingvar Agnarsson.

STILLIÁHRIF OG DRAUMUR UM ÞORKEL MÁNA

Sigurros Jóhannsdóttir fékk allmyndarlegt viðtal í Tímanum í vor, og skömmu síðar var talað við hana að nýju, og sagði hún þá að „krafturinn hefði stóraukizt“ hjá sér eftir blaðaviðtalið, enda fylgdu þessu bréfaskriftir úr ýmsum áttum. Það er alltaf dálítið gaman að heyra Sigurrosu tala um slíka hluti. Hún sam-
einar það að hafa rétta reisu fyrir hönd sjálfrar sín og glögga meðvitund um, að það er hinn æðri máttur sem hjálpar.

Allöngu eftir að þessi viðtöl birtust (3. júní) kom smágrein í Tímanum, eftir Ingvar Agnarsson, þar sem hann gerði nokkra grein fyrir því, hvernig skilja mætti aukningu aflstreymis til Sigurrosar eftir birtingu þessara greina. Konan mín tók eftir þessari grein og fannst okkur hún góð, en svo hugsaði ég ekki meira um það. En svo kem ég nokkru síðar til Sigurrosar og segir hún mér þá frá þessu:

Hana dreymir einn morgun, að yfir hana komi ljós mikið og þykir henni þetta vera í fögru landslagi og er þó eitthvað enn betra og tilkomumeira en hún á að venjast, og þykir henni það koma einhvers staðar utan úr hinum djúpa himni. Í miðju þessu ljósi sér hún einhvern birtukjarna og þykir henni þar vera maður eða göfug vera, og um leið heyrir hún þessi orð: *Þorkell máni*. — Þessi draumur hafði mikil áhrif á Sigurrosu. Þegar líður á daginn kemur Sveinn Haraldsson, og fer Sigurros að fyrri bragði að segja honum drauminn, en venja hennar er sú að láta segja sér fyrst. En þá segir Sveinn: „Hefurðu séð greinina hans Ingvars?“ Hún hafði þá birzt þennan sama morgun, vitanlega án þess að Sigurros vissi um það, enda hafði greinin lengi beðið birtingar.

Þarna er athyglisvert dæmi um stilliáhrif, einmitt á þann hátt sem Ingvar hafði útskýrt í sinni grein.

Þorsteinn Guðjónsson.

STILLIÁHRIF FJÖLDANS

Einn hinn ágætasti huglæknir þessa lands er Sigurrós Jóhannsdóttir. Lengst af hennar löngu ævi hefur fólk leitað til hennar með andleg og líkamleg mein, og flestir farið af fundi hennar betur staddir en þegar þeir komu, og í sumum tilvikum hefur orðið um hrein kraftaverk að ræða. Hið fórnfúsa starf sitt hefur hún unnið í kyrrþey og lítið látið á sér bera. En hinir mörgu sem bata hafa hlotið eða lækningu, minnst hennar ætíð síðan með þakklæti og segja vinum og ættingjum frá þeirri blessun, sem þeim hefur hlotnast. Þannig hefur þeim farið fjölgandi, sem vitað hafa um lækningamiðlun hennar.

Þann 20. janúar s. l. birtist í Tímanum viðtal við Sigurrósu, þar sem hún segir frá lækningum sínum og lætur í ljós álit sitt á hinum aðsenda lækningamætti og segir frá sambandi sínu við framlíðna.

Viðtalið í Tímanum við Sigurrósu hefur vakið mikla athygli lesenda, og viku síðar (27. jan.) segist Tíminn aftur hafa átt samtál við hana og kemur þar fram mjög merkilegt atriði: Sigurrós segir þar, að „krafturinn“ hafi margfaldast, síðan samtalið birtist í blaðinu. Þetta er mjög merkilegt atriði og skyldi vel gefa þessu gaum, því hér er að verki alheimslögmál, sem kallast stíllilögmál og dr. Helgi Pjeturss varð fyrstur til að uppgötva. Hér kemur það fram á þennan hátt:

Þúsundir manna hafa lesið viðtalið við Sigurrósu í Tímanum. Þúsundum saman beina þeir hugum til hennar, og fá sérstakt traust á þessari konu. Jafnframt hljóta þeir að beina huganum til þess máttar, sem lækningunum veldur. „Milli góðra lesenda munu vakna hollir straumar, sem greiða munu fyrir sambandi þeirra við góða staði“. H. P. Sérstakt hugsamband kemst á milli allra þessara jákvæðu lesenda, og „afslvæði“ skapast sem auðveldar kraftinum að hafa þau áhrif til lækninga, sem að er stefnt með milligöngu huglæknisins.

Samstilling þúsundanna opnar hinum æðra krafti leið til lækningar sjúkum. Lækningakrafturinn frá lengra komnum íbúum stjarnanna og frá hinni æðstu veru nær að koma sér við í ríkari

mæli en ella. Það er eins og opnist gluggi fyrir alheimsmáttinn óendanlega, sem alltaf leitast við að koma hér fram hjálpi sinni.

Öll mein og allar þjáningar mundu lækna, ef takast mætti að greiða leið hinum mikla mætti, og ryðja burt þeim hindrunum, sem nú eru á leið hans.

Sigurrós er ein þeirra, sem hæfileikann hafa og góðvildina til að opna leið guðdómsmættinum óendanlega, til lækningar þjáðra meðbræðra. Verum henni (og öðrum huglæknum) samtaka í þessari viðleitni. Styðjum hana með hugsun okkar og stilliáhrifum. Beinum hug til þeirra lengra komnu sem kærleikann hafa og máttinn og viljann til að lækna allra mein. Bætum móttökuskilyrði með jákvæðri hugsun svo árangur megi verða sem mestur. Góð stilliáhrif fjöldans eru mikilvæg til að greiða leið hinum æðsta krafti.

Ingvar Agnarsson

(Tíminn 3. júní 1980).

MYR

Ekki er það af eintómum fleðulátum eða smjæðri, að ég kannast fremur við kosti manna en bresti, heldur er mér eiginlegt að lýsa heldur hverri kind með heilu reifi og haustholdum en horaðri og naktri að vori til. En séð hef ég framan í slíka menn og ekki bliknað, heldur þótt þeim heldur meiri en jafnborinn — hafi mér sýnt þeir lítilmenni af sjálfum sér. Í meðalmönnum leynast oft mikilmenni og í litlum stærri menn — þótt oft fari álitid eftir *augunum*, sem á menn horfa.

Matthías Jochumsson.

(Úr Söguköflum af sjálfum mér).

„FYRSTA LÖGMÁL HELGA PJETURSS“

Ein aðalhugsun hinnar nýölsku heimspeki er sú, að allt sem er, reyni að hlaða allan heiminn með krafti sínum og gerð sinni, hafa áhrif á allan heiminn, breyta heiminum í sig. Þessi hugsun er sett fram af mestum krafti og ferskleik í *Hinu mikla sambandi* — fyrsta hluta Nýals — og er hún endurtekin með ýmsum tilbrigðum og í ýmsum samböndum, líkt og stef í hljómkviðu. Raktar eru rætur þessarar hugsunar í fornri speki og nýjum vísindum, og leitt í ljós samræmi sem orkar sterkt á hvern fróðleiksfúsan lesanda. — Áhrifamáttur ritgerðarinnar *Hið mikla samband* byggist ekki hvað sízt á þessu viðlagi, og hefur mér stundum dottið í hug, að sigurbraut Nýals muni þar liggja fram, sem þetta viðlag nær að óma.

Það væri hámark misskilnings á málefni Nýals, ef einhverjum dytti í hug að þetta lögmál ætti við það að leggja undir sig aðra, brjóta niður í einhverri mynd, slátra og éta. Það sem átt er við með þessu fyrsta lögmáli Helga Pjeturss er það, sem Þorsteinn Jónsson kallar að „gróa af því að gefa“, það sem Jesús kallar að gera vilja hins himneska föður, og það sem ástfangið fólk kallar að elska. Þannig eru þau áhrif sem byggja alheiminn upp, koma honum á leið samstillingarinnar. Þau eru hleðsluáhrif jafnframt því að vera hugarástand, og það er hið mikla framlag Nýals að hafa leitt í ljós, að hér getur orðið um vísindi og þekkingu að ræða, engu síður en á öðrum sviðum náttúrufræðinnar.

Til er einnig andhverfa þessa lögmáls, og hún er sú að ná sambandi við aðra til þess að taka frá þeim afl í stað þess að gefa, brjóta þá niður í stað þess að byggja þá upp, gera sjálfa sig mikla með því að spilla lífi annarra. Þessi leið til að „breyta heiminum í sig“ er leið helstefunnar, sú sem óhjákvæmilega leiðir til hruns og eyðileggingar. Afætur alheimsins fara þessa leið — og eyða sér. Svona einfaldur er þessi munur á lífstefnu og helstefnu — og hrein-náttúrufræðilegur, þegar litið er á lífið sem möguleika og magnandi kraft.

Þorsteinn Guðjónsson.

DRAUMAR Í HEIMSFRETTUM

Komu Messíasar spáð, segir í forsíðufyrirsögn Morgunblaðsins 4. jan. sl. og eru þar þrír yfirprestar gyðinga í Jerúsalem bornir fyrir sama eða líkum draumi. Efni hans á að vera það, að í apríl n. k. verði naumlega komist hjá kjarnorkustyrjöld, en síðan hefjist þúsundaráríki. Einnig er þess getið að „kabbalistar“ (dulrænumenn) gyðinga hafi þótt sjá merki um komu Messíasar í eitt ár og að fótatak hans hafi heyrzt. Koma þessar fréttir nokkuð heim og saman við það sem sagt hefur verið frá um Mahdistauppreisnina í Mekka í Saudi Arabíu í nóvember sl., því að sú uppreisn byggðist á Messíasareftirvæntingum, skyldum þeim sem gyðingar bera í brjósti, þó að trúin sé önnur. Einnig kemur þetta heim við það að bresk-ísraelítarnir eru farnir að gefa út rit Adams Rutherfords, merkilegasta rithöfundar síns, en spádómur Rutherfords var einmitt Messíasarspádómur, ef grannt er skoðað og beinist til Íslands enn meir en Ísraels, eins og kunnugt er. Hef ég séð nýprentaða bók eftir Rutherford í bókabúð, en ekkert hefur verið skrifað um hana hér og læt ég ógert að gizka á ástæður til þess.

Annars er það tímanna tákn út af fyrir sig, að heimsfréttastofur eins og AP skuli vera farnar að segja frá draumum manna — og það þótt rabbíar eigi í hlut. Má vera að rannsóknir á fyrirburðadraumnum eins og þær sem stundaðar hafa verið í seinni tíð, hafi átt þátt sinn í að gera þetta mögulegt. Samkvæmt einni skýringu á eðli drauma, endurspeglar þeir líf sem í raun og veru er samtímis að gerast annars staðar, oft á öðrum jarðstjörnum himingeimsins. Væri þá drauma rabbíanna að rekja til hnatta þar sem Messíasar eru þegar farnir að koma fram, samfara mikilli styrjaldarhættu og væri atburðarásin þar þá skyld, en heldur á undan því sem hér er. Ef svo er, þá mætti búast við að áður en árið 1980 er á enda, verði fleiri Messíasar farnir að láta til sín heyra hér, en þegar hefur orðið vart við.

Hitt þarf varla að taka fram, að væri sú draumakenning rétt, sem Áslaug Ragnars styðst við í þrettán dálka grein sinni með stríðslettri um fröken Papperheim (Anna O. — Mbl. 6. janúar) undirvitundarkenningin — þá hefðu draumar eins og þeir sem rabbíana dreymdi, alls ekkert gildi nema sem upplýsingar um þá sjálfa. Og vera má, að ýmsir séu á þeirri skoðun að svo sé enn þann dag í dag.

Þorsteinn Guðjónsson

(Mbl. 8. jan. 1980).

DYSIN VIÐ GRAFGILIÐ

Það mun hafa verið um 1970, að vegabætur stóðu yfir í Borgarfirði eystra. Rétt utan við bæinn Geitavík er svonefnt Grafgil, sem vegurinn liggur yfir í átt til Héraðs.

Á eystri barmi Gilsins er lág grasigróin hæð á móabardi. Hæð þessi hefur verið talin dys, þótt um hana séu engar sagnir svo núlifandi menn viti til. Nú átti að rétta veginn eitthvað af, því að þarna var bugða á honum og blindhæð.

Einnig átti að yta burtu hinni lágu hæð svo síður skefli á veginn. Ýtustjóri var maður að nafni Friðmann frá Meðalnesi í Fellum. Þegar hann hóf vinnu þarna við Grafgilið og hafði tekið eina skóflu ofan af hinni lágu hæð, kom dálítið atvik fyrir.

Nú sem hann ætlar að halda áfram verkinu og byrja aðra umferð, kemur yfir hann einhverskonar stjarfi svo honum finnst hann ekki geta komist áfram. Þetta endaði með því, að hann neitaði algjörlega að ryðja hæð þessari burtu. Enginn vildi heldur verða til að ganga í þetta, svo hæðin stendur þarna enn í dag með dokk í kollinum.

Helgi Eyjólfsson heitir maður og býr í húsi því er Ártún heitir á Byggðinni. Hann er maður listrænn, hugull á gamla gripum og völundur. Einnig hefur hann mikinn áhuga á fornminjum.

Helgi fékk fljótt áhuga á þessari dys og gróf þar niður. Þarna kom hann niður á þró raðaða úr rauðum steinum. Stærð þróarinnar svaraði til þess, að mannlíkami hefði getað hvílt þarna.

Ekkert sást í þró þessari, sem benti til beina eða neinna minja af gripum. Ekki hreyfði Helgi við þrónni og sléttaði vandlega yfir aftur, svo þar er allt með sömu ummerkjum.

Ekki virðist vafi leika á því, að þró þessi er mannaverk og steinarnir fluttir þangað úr gilinu. Þróin snýr í austur og vestur. Hugsanlegt er að grafið hafi verið í dys þessa í leit að gripum eða vopnum, en að grafarræningjar fari að hreinsa burtu bein, er ekki trúlegt og engar sögur hefi ég um slíkt.

Aftur á móti gæti sú skýring staðist, að þarna hefði maður verið heygður rétt fyrir kristnitöku, en síðan verið grafinn upp og fluttur í vígða mold.

Þrátt fyrir bústaðaskiptin bendir atburður þessi til, að mannum hafi verið sárt um þessa dys sína og viljað að hún væri óhreyfð.

Ég spurði mág minn, Björn Jónsson, sem býr í Geitavík, um þessa rauðu steina. Hann sagði að þeir væru óefað úr Gilinu en sæjust nú ekki lengur. Sjálfur hefi ég oft snuddað í þessu gili í steinaleit, en ekki fundið nema smáa steina af rauðri líparít.

Björn telur að steinarnir í þrónni muni vera úr linara efni en sú líparít, sem finnst þarna nú, líkara svonefndum tálguasteini. Til að leita uppruna þróarsteinanna, sagðist hann eitt sinn hafa gengið upp allt gilið og fundið efst í því harða rauða líparítklöpp, sem nú molnaði ekki úr nema þá snáki.

Hann taldi líklegt að á þessari undirstöðu hefði staðið brík úr linara efni, sem hefði smábrotnað niður. Áin hefði borið þá niður gilið og þarna væri uppruna þróarsteinanna að leita.

Halldór Pjetursson skráði eftir sögu

Helga Eyjólfssonar og Björns

Jónssonar á Borgarfirði eystra.

Draumar

Draumur um (ískyggilega menn og) flóttu

I.

Sumir draumar geta verið nokkuð ævintýralegir, líkt og stundum á sér stað í lífi okkar mannanna á jörðu hér. Eftirfarandi draumur er af því tagi, og sýnir þó, að alvara fylgir lífinu víðar en hér á jörðu, því á öðrum hnetti mun draumur þessi eiga uppruna sinn, eins og algengt er um drauma.

Mér þótti ég vera ungur maður. Ég gekk niður eftir dal einum og voru hæðir til beggja hliða. Við hlið mér gekk ung stúlka, og þótti mér mikil vinátta vera á milli okkar. Er við höfðum gengið um stund komum við fram á klettabrún, og sá ég, að þar var einstigi niður að fara, þverhnipt og illkleift. Stúlkunni gekk vel að komast þarna niður, en ég hikaði við, fannst kletturinn ófær.

Kom þá til mín maður, stór og allglæsilegur í útliti, en mér stóð af honum nokkur geigur. Var hann búlduleitur í andliti og lítarhátturinn bláleitur. Held ég, að útlit hans hafi verið nokkuð annað en manna hér á jörðu.

Hann bauðst til að hjálpa mér niður klettariðið. Ég hikaði við að þiggja aðstoð hans, en sá mig samt tilneyddan. Tók hann utan um mig með hægri hendi og lyfti mér upp. Var hann mér miklu stærri og hærri. Gekk hann með mig fram á brúnina og fram af henni. Og í stað þess að klifrast niður, þá sveif hann niður með klettunum og þótti mér nokkuð undarlegt að hann skyldi geta það. Er niður kom, sleppti hann mér. Þarna var fyrir annar maður, svipaður mjög í útliti og sá, er hjálpaði mér niður hamrana. Þótti mér hann enn ískyggilegri en hinn. Hann glotti ísmeygilega og vildi taka mig. Ég sagði: „Láttu mig vera“, og mér tókst að sleppa burt frá honum. En mér þótti hann brosa illkvittnislega, eins og hann vildi segja, að hann mundi ná mér síðar og jafna um mig.

Ég hljóp allt hvað af tók, og fór að hugsa um stúlkuna, sem

með mér hafði verið. Hvað skyldi hafa orðið af henni? Skyldi maðurinn undir klettinum hafa náð henni á sitt vald? Ég vonaði, að svo væri ekki.

Loks kom ég að einhverri byggingu. Hún var lág, en ákaflega breið um sig á alla vegu. Ég fór þarna inn og fór að svípast um eftir stúlkunni. Heldur var skuggsýnt þarna inni, en þó nokkur birta. Ef til vill hafði stúlkan leitað þarna athvarfs, hugsaði ég. Að lokum fann ég hana, þar sem hún lá steinsofandi á einhverskonar hálm- eða heyhrúgu. Ég vakti hana og sagði henni að við yrðum að flýja héðan sem skjótast, því líklega væri farið að leita okkar.

Við tókum til fótanna og hlupum. En hún fór ekki í þá átt, sem ég vildi fara. Hún hljóp hratt á undan mér og ég reyndi að ná henni, en gat það ekki. Ég margkallaði til hennar og bað hana að snúa við, en hún sinnti því ekki, en hljóp beint af augum. Nú fór ég að heyra mannamál fram undan, og það heyðist því greinilegar sem við héldum lengra áfram. Ég fann, að við svo búið mátti ekki standa. Ég neytti nú allrar orku á hlaupunum, og tókst að ná stúlkunni og stöðva hana. Ég sagði henni, að við værum að hlaupa beint í flasið á þeim, sem við værum að forðast. Hún sagðist vera eins og dregin í þá átt. En mér tókst að láta hana skilja, að við værum í hættu stödd og féllst hún á að snúa við. Við hlupum nú sem hraðast í gagnstæða átt. Heyrði ég að mannamálið smá fjaraði út og hljóðnaði eftir því sem við komumst lengra, og vonuðumst við eftir að sleppa burt úr þessum hættulega stað. Endaði hér draumurinn.

II.

Draumur þessi er e. t. v. ekkert sérstaklega merkilegur, en útlit mannanna tveggja, sem draumgjafa mínum stóð stuggur af, virðist mér þó benda til þess, að þeir hafi verið íbúar annars hnattar, og þá líklega ekki liðnir fram héðan af jörðu. Til þess bendir og blái litarhátturinn á andlitum þeirra, og einnig sú geta annars þeirra að geta svifið fram af háu bergi, eins og fyrr er greint.

Oft má rekja drauma til stilliáhrifa. Og nú stóð einmitt svo á, að kvöldið áður hafði ég horft á myndina *Barbarella* í sjónvarpinu. En sú mynd á að gerast eftir 40 þúsund ár. Er þá tækni hér orðin mjög þróuð, og ferðalög til annarra sólkjerfa orðin algeng með geimflugum. Stúlka ein er send til jarðstjörnu einnar í öðru sólkjerfi. Kynnist hún lífi og ástandi fólks á þeirri stjörnu, og var

það heldur ömurlegt. Lítil minnihluti fólksins, þar á meðal „hinn mikli harðstjóri“ í „borg næturinnar“ lifði þar sældarlífi á þján-ingum annarra með því að sjúga til sín lífsorku þeirra. Barbarellu tekst loks að komast undan úr þessum illa stað, með aðstoð góðs „engils“.

Þúsundir manna horfa á sjónvarp á hverju kvöldi. Og þegar um er að ræða myndir, sem mjög eru áhrifaríkar, myndast einskonar samstilling meðal áhorfenda, þótt ekki viti þeir hver af öðrum. Allir verða með einum huga, og víðtækt aflsvæði myndast og hefur áhrif á drauma manna, svo að þeir stillast til sambanda við líf á öðrum hnöttum, þar sem eitthvað hliðstætt er að gerast því sem sjónvarpsmyndin fjallaði um.

Sjónvarp er ákaflega áhrifamikið tæki, og því ekki lítið árið-andi, að þar séu valdar til flutnings myndir, sem hafa góð áhrif á áhorfandann.

Góðar myndir í sjónvarpi gætu beinlínis leitt til bættra sambanda við lífið á öðrum stjörnum, svo að auðveldara yrði um lífstreymi til þjóðar okkar (og annarra jarðarbúa) frá lengra komnum lifendum, sem heima eiga annars staðar á stjörnum alheimsins.

Því miður eru oft sýndar ljótar ofbeldismyndir í sjónvarpinu, og spilla slíkar sýningar lífafllssvæði okkar, og kalla á aðstreymi illra áhrifa frá helheimum annarra hnatta, þar sem hin illa stefna hefur orðið ráðandi.

Stjórnendur sjónvarpsútsendinga, eða þeir, sem velja efni til flutnings þar, þyrftu að vita um þau áhrif til ills eða góðs, sem sjónvarpið hefur á myndun lífafllssvæðis þjóðarinnar, og reyna að haga myndavali eftir því.

Ingvær Agnarsson.

(Dreymt 12. des. 1978).

Vífilsstaðahlíð — Draumur

Draumur með miklum rangþýðingum.

I.

Dreymdi mig að ég væri staddur í húsi. Lét ég renna vatn í ketil og setti hann í samband við rafmagn. Fór ég síðan út. (Hér verður svo einhver eyða í draumnum).

Næst er ég að aka bíl, og er Sigurður, sonur minn, með mér, að mér þótti. Staðnæmumst við, þar sem mér þótti vera Vífilstaðahlíð. Þar fór Sigurður út og ætlaði að fara eitthvað fótgangandi.

Þarna sá ég margt manna, og þótti mér það vera mest útlendingar. Tveir menn komu til mín og þótti mér það vera Englendingar. Þeir töluðu við mig á ensku, og báðu mig að aka sér lengra meðfram hlíðinni. Ég samþykkti það. Þeir fóru inn í bílinn. Síðan ók ég um stund. Þá mundi ég eftir, að ég yrði að fara og slökkva á katlinum, sem ég hafði sett í samband við rafmagn, áður en ég fór. Ég stöðvaði bílinn og fór út. Mennirnir tveir fóru líka út. Ég sagðist ætla fótgangandi niður að Vífilsstöðum, til að taka ketilinn úr sambandi. Þá tók ég eftir að þeir fóru út um afturenda bílsins. Ég tók líka eftir, að þeir voru í hnéháum, grænum stígvélum, aðskornum. Þeir sögðust ætla upp í hlíðina. Þarna var aur og leðja á kafla, og óðu mennirnir hana upp á ökla. Ég þóttist segja við þá á ensku: „Þið meg'ð ekki fara aftur upp í bílinn nema að þvo vel af stígvélunum áður.“ Svo lagði ég af stað áleiðis niður að Vífilsstöðum að mér þótti. Tók ég nú betur eftir landslagi en áður. Á vinstri hönd var allhá hlíð, með dökkgrænum gróðri. Þessi hlíð, sem mér þótti vera Vífilsstaðahlíð, var miklu hærri en hin raunverulega Vífilsstaðahlíð, en þó varla eins brött. Og það sem enn er athyglisvert, hún var mér á vinstri hönd, en hin raunverulega Vífilsstaðahlíð er manni á hægri hönd, þegar gengið er meðfram henni áleiðis niður að Vífilsstöðum.

II.

Í draumnum fannst mér þetta þá vera alveg eðlilegt.

Draumgjafi minn er þarna í umhverfi, sem hann þekkir, en vegna ófullkominna draumsambanda minna koma fram í huga mínum ýmsar rangþýðingar, sem eiga rót að rekja til vökureynslu minnar, en stinga í stúf við það umhverfi, sem draumgjafinn þekkir og sér, þá stundina, sem ég er í sambandi við hann.

Þetta er einmitt það, sem svo mörgum gengur illa að átta sig á, í sambandi við drauma sína. Ef almennt væri vitað, að draumar stafa af sambandi við vakandi mann, sem oftast er staddur í mikilli fjarlægð, og jafnframt oft á öðrum hnetti, mundi öllum geta orðið auðveldara að átta sig á þessum tvískinnungi draumanna, að draumsýnirnar eru stundum aðrar en okkur þykir vera.

Þegar því fólk rifjar upp drauma sína, er nauðsynlegt, og greina

í sundur, hvað raunverulega bar fyrir augu, og svo á hinn bóginn, hvað því fannst, eða hvaða ályktanir það dró af draumsýnunum. Því varla kemur fyrir, að mann dreymi neitt það, sem honum er raunverulega kunnugt úr vöku. Slíkt er nær ávallt rangþýðingar dreymandans.

Draumurinn hér á undan er einmitt dæmi um miklar rangþýðingar:

1) Mér þótti Sigurður sonur minn vera með mér í bílnum. En í draumnum tók ég alls ekki eftir útliti hans, og get því ekki dæmt um réttmæti þeirrar ályktunar. Auk þess mun hann á þessari stundu hafa verið sofandi í rúmi sínu.

2) Mér þótti ég aka í mínum bíl, en ekkert tók ég heldur eftir útliti hans, fyrr en mennirnir tveir fóru út úr honum, þá sá ég að þeir fóru út um afturenda bílsins, en það er alls ekki hægt á mínum bíl.

3) Og svo er það Vífilstaðahlíðin, sem mér þótti vera. Meðan ég ók bílnum, tók ég ekkert eftir landslagi. En er ég fór að ganga, veitti ég þessari hlíð allnána athygli. Og þá kemur í ljós að enganveginn getur það staðist, að hér hafi verið um Vífilstaðahlíð að ræða, eins og að framan er lýst, en samt hélt þessi rangþýðing áfram í huga mínum, án þess þó að vekja mér neina undrun, enda sambandið við draumgjafann allnáið þá stundina.

III.

Allt bendir því til að draumsýn og þýðing (rangþýðing) séu sitt hvað, og þyrftu allir að gera sér grein fyrir þessum mismun, til að geta áttað sig á fjarhrifaeðli draumanna.

Hítt er svo aftur víst, að sumir draumar, einkum þeir, sem eru vel skýrir, eru oft alveg án rangþýðinga. Þar komast ekki að neinar vökuminningar draumþegans. Þá er sambandið við draumgjafann skýrt og fullkomið.

Þessi draumur, sem hér hefur verið sagður, er ekki merkilegur, öðrum draumum fremur. Síður en svo. Ég hef sagt hann hér, til að gera mér og öðrum nokkra grein fyrir eðli rangþýðinganna í draumum. Ruglingslegir draumar, óskýrir og sundurslitnir, eru öðrum draumum fremur vettvangur rangþýðinga, og munu stafa af ófullkomnu sambandi dreymandans við draumgjafa sinn, eins og áður er að vikið.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 23. janúar 1979).

Svif yfir borg — Draumur

Fátt veitir meiri fögnuð í draumi en að svífa í lofti af eigin krafti. Í nótt dreymdi mig einn slíkan draum.

Ég þóttist svífa yfir borg, yfir húsapyrpingar og yfir stræti, sem voru eins og langar gjár á milli húsanna. Ekki voru þarna nein stórhýsi, flest voru þau svo sem tveggja og þriggja hæða. Ég sveif hratt áfram og fór aðeins skammt fyrir ofan húsinn. Þótti mér gaman að virða fyrir mér hina mismunandi gerð og lögun húsanna. Eitt húsið vakti nú sérstaka athygli mína. Það var stærra um sig en öll önnur hús, miklu breiðara á alla vegu, en ekki miklu hærra. Það var hvítt á lit. Er ég kom upp yfir þetta hús, sá ég að einnig þakið á því var hvítt, og sérstaka athygli mína vakti, að þakið hallaðist frá brúnum inn að miðju. Ég sveif beint yfir þetta hús. Það var svo stórt að það náði alveg milli gatna. Síðan sveif ég áfram yfir næstu götu og yfir næstu hús, og hugðist enn halda áfram að svífa yfir borgina. Fann ég mikla gleði í sál mér, vegna þessarar getu minnar að svífa.

Ekki man ég fleira að segja frá draumi þessum.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 9. janúar 1979).

Tvöföld skynjun. — Draumur og vaka

Síðastliðinn vetur dreymdi mig allmerkilegan draum.

Ég geng til hvílu um kl. 23,30 og sofna fljótt. Einhverntíma rétt fyrir kl. 01,30 settist ég upp í rúminu og kveiki ljós, en er þó sofandi eða hálfsofandi.

Í draumnum finnst mér ég vera vísindamaður og stend ég við ljósleitt tilraunaborð og er klæddur í hvít föt.

Á meðan mig dreymir þetta, er ég með opin augun, svo að samhliða því að sjá nánasta umhverfi vísindamannsins, sé ég rúmið mitt, sem ég ligg í og gólfið fyrir neðan. Var þetta eins og að sjá tvær kvikmyndir sýndar samtímis á sama tjaldi, hverja ofan í aðra.

Í draumnum gerist það nú, að ég sé hvíta rottu labba eftir

borðinu að borðbrúninni og ætlar auðsjáanlega að reyna að komast útaf borðinu. Lyfti ég nú hendinni til að grípa rottuna, bæði í draumnum og ég sjálfur sitjandi í rúminu. Finn ég greinilega, þegar ég kem við loðinn og volgan feld rottunnar. Náttúrulega var engin rotta í rúminu (á borðinu) hjá mér, svo ég gríp í tómt. Við það bregður mér svo að ég vakna.

Allan tímann sem ég horfði á borðið og rottuna í draumnum, sá ég gólfið og rúmið mitt. Var eins og rottan labbaði í lausu lofti yfir gólfinu og stefndi að rúminu; borðbrúnin í draumnum var inn á rúmi hjá mér, frá mér að sjá, svo að ég greip í lakið í staðinn fyrir rottuna.

Pétur Hermannsson.

Draumur um hugar-tölvu

I.

Fyrir nokkrum árum dreymdi mig, að ég væri að klæða mig. Set ég á höfuð mér nokkurs konar höfuðborða, sem á voru minnis-einingar.

Meðan ég er að koma honum fyrir á höfði mér, hugsa ég með mér, hversu mikill munur væri á orðinn, eftir að fundin hefðu verið upp þessi auka minni sem áföst voru við borðann, og með hugsanaflutningi gæti ég sótt upplýsingar út í þessi ytri minni.

Lengri var ekki draumurinn.

II.

Í þessum draumi hef ég fengið samband við mann á öðrum hnetti, þar sem tæknin er lengra á veg komin en hér á jörðinni.

Ekki er þetta svo afskaplega fjarstæðukennt né fjarlægt okkur, því að í nútíma rafeindatekni eru til litlar minniseiningar, sem geta geymt mikið magn upplýsinga og alltaf eykst geymslugetan.

Einhverntíma í náinni framtíð finna vísindin upp tæki, sem skynja þær bylgjur, sem flytja hugsunina frá heilanum og þá verður stutt í það að draumur minn verði að veruleika hér á jörðu.

Pétur Hermannsson.

Draumar frá 1948—1950

Þessir draumar eru frá árunum 1948—1950. Á þessum tíma var ég búsett á Ögri í Helgafellssveit á Snæfellsnesi.

Þar sem langt er síðan mig dreymdi þetta, og langt á milli drauma, var ég hálf hrædd að skrifa þetta niður, en svo undarlega vildi til, þegar ég var byrjuð, þá kom allt eins og af sjálfu sér; einn draumurinn rak annan og ég gat ekki hætt, fyrr en ég var búin að skrifa þá alla.

Vel getur verið, að eitthvað hafi ruglast, en ég held að í aðalatriðum sé rétt með farið.

*Kristín Guðmundsdóttir,
Garðastræti 4.*

Draumur 1.

Mér fannst ég vera að koma heim úr langri sjóferð. Ekki man ég eftir báti eða skipi í þessu sambandi, en ég stóð á nesi, sem gekk út í fallega vík, en ofarlega á þessu nesi stóð stórt hús á grasivaxinni hæð. Umhverfis hana var hár steingarður og framan á honum gegnt aðaldyrum hússins var hátt og breitt hlið og í því mikil járngrind og falleg, eins og ofin allskonar blómamynstrum og sást í gegnum hana inn á gangstíg heim að húsinu. Ég gekk að hliðinu og þá opnaðist það sjálfkrafa. Fyrir innan var hellulögð gangbraut, nokkuð löng úr ótilhöggnum hellum frá náttúrunnar hendi og óx fíngert gras á milli þeirra.

Þegar heim að húsinu kom, gekk ég upp nokkur þrep og opnaði stóra bogadregna útidyrhurð. Kom ég þá inn í geysistöran sal, og voru dyr til beggja handa, en beint á móti aðaldyrum var snúinn stigi upp á efri hæð. Veggir voru klæddir dökukm víði. Á vinstri hönd þegar inn var komið, voru þrennar dyr, en hægra megin aðeins tvennar.

Ég gekk að fremstu dyrunum v'ndra megin og opnaði. Þar var stórt herbergi, en dimmt inni og allt ógreinilegt. Í sama bili vaknaði ég. Þessi draumur varð ekki lengri.

Draumur 2.

Annað skipti dreymdi mig, að ég væri stödd á gangstígnum fyrir framan áðurnefnt hús og var að horfa í vesturátt, að mér fannst. Þá sé ég að inn frá víkinni, sem áður er getið, gengur dálítill dalur og er þétt byggður hvítum, litlum húsum með rauðum þökum og girtum lóðum í kring með trjá- og blómagörðum. Þegar ég er að horfa á þessa byggð, sem mér fannst vera mjög falleg, verð ég vör við mann, sem stendur hjá mér. Hann segist vera sendur frá íbúunum í dalnum til að biðja mig að láta laga reyk-háfina, því kynding sé í ólagi. Ég segi þá manninum, að þetta verði að biða, því ég sé þreytt eftir ferðalag. Mér fannst byggðin tilheyrja húsunum.

Draumur 3.

Nú líður nokkur tími og *enn dreymir mig sama húsið*. Er ég nú komin inn í forsalinn (forstofuna) og geng inn um aðrar dyr á vinstri hönd. Mér virðist þetta vera eldhús, en þó ekkert líkt venjulegum eldhúsum. Það er bjart inni; þarna voru hvorki skápar né skúffur, en allir veggir þaktir aflöngum glerkössum af mismunandi stærðum. Ekkert eldfæri sá ég, en fannst þetta undarlegt eldhús. Draumurinn varð ekki lengri.

Draumur 4.

Í *fjórða sinn* er ég komin í húsið og nú að þriðju dyrunum vinstra megin, næst stiganum, sem liggur upp á efri hæð. Ég opna hurðina og kem þá inn í stórt svefnherbergi. Þar er hjónarúm og á því fallett gult rúmteppi.

Á þessu herbergi eru dyr til hægri, fór ég inn um þær og er þá komin í þann hluta hússins, sem er hægra megin frá útidyrum.

Þarna voru tvær samliggjandi stofur, sú sem nær var svefnherberginu virtist vera dagstofa. Bjart var inni í stofunni og mjög falleg húsgögn voru þar. Sérstaklega tók ég eftir gömlum stólum með kringlóttu, stoppuðu baki og setu. Tréverkið var útskorið, en áklæði var gult. Ég sá líka flygil úr ljósum viði.

Fleira var þarna inni, en í draumnum mundi ég eftir að hafa séð svipaða stóla í sumarhöll dönsku konungsfjölskyldunnar úti á Sjálandi, sem var til sýnis á sumrin, en þangað fórum við, maðurinn mín, dr. Björn Þórólfsson, og ég, þegar ég var búsett í Danmörku árin 1920—'31. Í fremra herberginu, nær útidyrum, voru dökk húsgögn og bókaskápar, en ég gerði mér ekki grein fyrir

öðru, enda var ekki eins bjart þarna og í fyrra herberginu. Frá þessu vaknaði ég.

Þegar hér var komið var ég búin að fara í öll herbergi á 1. hæð.

Draumur 5.

Þetta er síðasti draumurinn, sem mig dreymdi um þetta hús. Ég er stödd við stigann gegnt útihurðinni, sem liggur upp á næstu hæð.

Ég veit að ég á að fara upp þennan stiga og allt í einu er ég komin upp á pallinn, fyrir ofan stigann. Þá sé ég gang, sem liggur eftir endilöngu loftinu, í sömu átt og inngangurinn á neðri hæð.

Til vinstri sé ég nokkrar hurðir á herbergjum, sem náðu fram að miðju hússins á að giska.

Þaðan var svo opið svæði og enginn veggur, heldur aðeins grindur fram að gaffli hússins. Yfir þessum parti var glerþak.

Á hægri hönd við ganginn var þil alveg fram að gaffli. Á þessu þili voru hurðir og opnaði ég eina þeirra og sá að þetta var geymsla, full af allskonar húsgögnum.

Mér varð starsýnt á stoppaðan sófa, sem klæddur var ljósbrúnu leðri. Bakið var þrískipt og þannig að franska liljan var á hverjum hluta og utan um blöðin var dregin gyllt lína. Þetta var mjög fallegt.

Þannig lauk síðasta draum mínum um þetta sérkennilega hús.

*Kristín Guðmundsdóttir,
Garðastræti 4, Reykjavík.*

Draumar frá sama draumgjafa.

Þessir fimm draumar Kristínar Guðmundsdóttur eru all-athyglisverðir — þó að þeir séu nú orðnir nokkuð gamlir — og ekki sízt fyrir það, að sama umhverfi birtist henni þarna aftur og aftur í draumi. Það er ekki að ástæðulausu að sumir hafa talað um sitt draumaland, en munurinn er sá, að þessi dreymandi segir frá slíku draumalandi af skilningi á því sem um er að ræða. — Svo er að sjá sem draumgjafi hafi verið hinn sami að öllum þessum fimm draumum, og bendir ýmislegt til þess, að draumgjafinn hafi verið hefðarkona, sem bjó í virðulegum bústað, en alþýðufólkið búíð í hvítu húsunum, sem þó eru snotur og vel hirt. En fólkið þar verður að leita til þessarar konu um ýmsar framkvæmdir. — Getað mætti þess til að einhverjir nágrannar Kristínar í Helgafellssveit

hafi orðið stillar að þessum draumum. Þeir vissu að hún hafði lengi búið í Kaupmannahöfn, en slíku fylgdi virðing í þá daga, og þykist ég þó vita að fleira hafi aflað henni virðingar en það eitt. En góð og varanleg stilliáhrif eru víst aðalskilyrði þess að draumlíf fólks geti orðið jafn fróðlegt og reglubundið og þessi endurtekna reynsla Kristínar, sennilega af mannlífi annars hnattar, gefur glögga hugmynd um að orðið gæti.

Þorsteinn Guðjónsson.

Bernskudraumar

skrifaðir niður 18. apríl 1980.

Ég hef líklega verið um eða innan við fimm ára, þegar mig dreymdi þennan draum. Fósturforeldrar mínir, Margrét Jónsdóttir og Guðjón Guðjónsson, bjuggu á lítilli jörð, Svangrund, er lá að sjó í A.-Húnavatnssýslu, nálægt Blönduósi.

Húsakostur var eins og bá tíðkaðist, hlaðinn úr torfi og grjóti; baðstofa, búr og eldhús voru í sömu byggingu eða lengju. Gaflarnir vísuðu í suður og norður, en á vesturhlið voru bæjardyr og göng milli baðstofu, sem var þrjú stafgólf og búrs og eldhúss. Baðstofa var í suðurenda, en á vesturhliðinni í suðurenda, yfir rúmi fóstru minnar, var gluggi. Við Þórey fóstursystir mín sváfum hjá mömmu, ég til fóta, en Þórey (uppi til) í fangi hennar.

Þessa nótt dreymdi mig, að ég væri að horfa á tunglið, og allt í einu sá ég að stórt stykki brotnaði úr því. Ég varð mjög hrædd, og hljóðaði upp úr svefninum, svo mamma vaknaði og spurði, hvað væri að mér. Ég sagði henni grátandi að tunglið væri að rbotna í sundur. Hún fór að hugga mig, og sagði að mig hefði bara verið að dreyma og sagði mér að líta upp í gluggann. Ég stóð upp í rúminu og þúaði á héluna á glugganum, þangað til ég sá út. Tunglið var kringlótt og óbrotið. Og ég lagðist niður og sofnaði.

Enn í dag er þessi draumur ljóslifandi í huga mér.

Kristín Guðmundsdóttir.

Um þennan bernskudraum Kristínar mætti geta sér þess til, að þar sem henni þótti sem stykki brotnaði úr tunglinu, hafi aðeins verið um það að ræða, að hið draumséða tungl hafi verið hálf tætt eða skert á einhvern hátt, og einnig að öðru leyti frábrugðið því sem hún átti að venjast. Þetta hefur svo mikil áhrif á hana, að hún vaknar skelfingu lostin og heldur að tunglið hafi brotnað. Mun vera auðvelt að finna dæmi um að börn bregðist þannig við því sem óvænt er og ókunnuglegt. En þetta kemur einnig til staðfestingar á þeim skilningi okkar Nýalssinna, að draumurinn sé sýn og reynsla miklu meir en hugun.

P. G.

Draumur um fornminjar

Mig dreymdi að ég starfaði ásamt miklum fjölda annarra við fornminjarannsóknir. Þótti mér hafa verið grafið upp afarstórt svæði, þar sem fannst í jörðu mikill fjöldi stórra geyma, líkum í lögun venjulegum olfugeymum eða heitavatnsgeymum, en frábrugðnum að því leyti, að þeir voru allir vafðir sverum leiðslum, líkt og þar væri um að ræða rafmagnsleiðslur. Voru þær um 3 til 4 þumlungar í þvermál. Við vorum nú að vefja þessar leiðslur utan af geymum þessum. Fannst mér, sem vísindamönnum þeim, sem sáu um rannsóknir þessara fornminja, væri það alveg hulin ráðgáta, til hvers þessir vafningar hefðu verið ætlaðir. Og í rauninni skildu þeir ekkert í, hverskonar fornminjar væri hér um að ræða.

Mér þótti foringi rannsóknarmannanna vera nærstaddur þar sem ég var að vinna, og ég heyrði hann segja hátt og skýrt: „Nú er illt að vera þræll á Hlíðarenda en ekki húsbóndi.“ Þótti mér þetta vera líkingamál hjá honum, og ætti að tákna að honum þætti illt að vita ekki, til hvers þessi mannvirki hefðu verið notuð, endur fyrir löngu.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 17. ágúst 1968).

Verðskrá yfir Nýala

Verðskrá yfir Nýala dr. Helga Þjeturss. Útgáfan 1955.

NÝALARNIR allir, í skinnbandi, sex bindi, 1918 bls. Kr. 26.000

| | |
|--|-----------|
| NÝALL, stakur, í skinnbandi, 515 bls. | Uppseldur |
| ENNÝALL, stakur, í skinnbandi, 275 bls. | — 3.900 |
| FRAMNÝALL, stakur, í skinnbandi, 324 bls. | — 5.200 |
| VIÐNÝALL, stakur, í skinnbandi, 146 bls. | — 2.600 |
| SANNÝALL, stakur, í skinnbandi, 250 bls. | — 3.900 |
| ÞÓNÝALL, stakur, í skinnbandi, 408 bls. | — 6.500 |

| | |
|--|-----------|
| NÝALL, stakur, í shirtingbandi | Uppseldur |
| ENNÝALL, stakur, í shirtingbandi | — 3.100 |
| FRAMNÝALL, stakur, í shirtingbandi | — 3.900 |
| VIÐNÝALL, stakur, í shirtingbandi | — 2.000 |
| SANNÝALL, stakur, í shirtingbandi | — 2.600 |
| ÞÓNÝALL, stakur, í shirtingbandi | — 5.200 |

| | |
|----------------------------------|---------|
| NÝALL, stakur, heftur | — 3.900 |
| ENNÝALL, stakur, heftur | — 2.300 |
| FRAMNÝALL, stakur, heftur, | — 3.100 |
| VIÐNÝALL, stakur, heftur | — 1.500 |
| SANNÝALL, stakur, heftur | — 2.200 |
| ÞÓNÝALL, stakur, heftur | — 3.900 |

ENNÝALL, stakur, heftur, frumútgáfa

(Örfá eintök eftir).

Eins og sést á framangreindum verðlista eru Nýalarnir enn til í heildum, í *skinnbandi*, en upplagið af þeim er mjög til þurrðar gengið.

Af öðrum Nýölum, stökum, sem nefndir eru í verðskránni, eru af sumum aðeins örfá eintök eftir en af öðrum meira.

Bækurnar eru til sölu hjá:

FÉLAGI NÝALSSINNA,

Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í pósthólf 1159, Reykjavík.

Þessi verð gilda frá og með 1. júní 1980.

Lífgeislar

ERINDI OG GREINAR:

| | |
|--|---------|
| Satúrnus (Sjá forsíðumynd). I. A. | Bls. 38 |
| Hvernig leystu fornmennt aflfræðiþrautir sínar? I. A. | — 39 |
| Um ráðstefnu fyrirburðafræðinga. — Lyftingafyrirbæri í Tibet. — Píramídarnir í Egyptalandi og í Mexíkó. — Steintröllin á Páskaeyju. — Stonehenge á Englandi. — Líf aflfræði. | |
| Sigurrós segir frá. S. J. | — 45 |
| Huglækningar. S. J. | — 47 |
| Um Helga Pjeturss. S. J. | — 48 |
| „Því drepti Guð ekki tröllin, þegar hann skapti?“ I. A. | — 49 |
| Egill Skallagrímsson sem huglæknir. I. A. | — 50 |
| Stilliáhrif og draumur um Þorkel mána. P. G. | — 52 |
| Stilliáhrif fjöldans. I. A. | — 53 |
| „Fyrsta lögmál Helga Pjeturss“. P. G. | — 55 |
| Draumur í heimsfréttum. P. G. | — 56 |
| Dysin við Grafgilið. H. P. | — 57 |

DRAUMAR:

| | |
|---|------|
| Draumur um (ískyggilega menn og) flótta. I. A. | — 59 |
| Vífilstaðahlíð. — Draumur. I. A. | — 61 |
| Svíf yfir borg. Draumur. I. A. | — 64 |
| Tvöföld skynjun. Draumur og vaka. P. H. | — 64 |
| Draumur um hugar-tölvu. P. H. | — 65 |
| Draumar frá 1948—1950. K. G. | — 66 |
| Bernskudraumar. K. G. | — 69 |
| Draumur um fornminjar. I. A. | — 70 |

MYR:

| | |
|--|------|
| Úr söguköflum af sjálfum mér. Matthías Jochumsson | — 54 |
| Verðskrá yfir Nýala (Auglýsing) | — 71 |